

Vesturbyggð
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur (354) 570 13
12 (354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Stykkishólmur, 19. september 2023
MÍ202309-0061/ 6.09 / M.A.S.

Efni: Vesturbyggð. Deiliskipulag frístundarbyggðar í Vesturbotni

Með tölvupósti, dagsettum 8. ágúst 2023, óskaði Vesturbyggð eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulag frístundarbyggðar í Vesturbotni, nr. 0467/2023. Deiliskipulagið nær yfir hluta jarðarinnar Vesturbotni í Vesturbyggð. Deiliskipulagið er 131 ha að stærð og nær yfir 24 frístundalóðir og golfvöll.

Fornleifaskráning var gerð á svæðinu 2022 (Atli Rúnarsson 2022. *Fornleifaskráning vegna stækkunar á skógrækt í Patreksfirði*. NV nr.18-22.Náttúrustofa Vestfjarða). Minjastofnun Íslands setti fram nýja staðla fyrir fornleifaskráningu 2012 og varð notkun þeirra lögbundinn 1. janúar 2013. Samkvæmt þeim skal merkja staðsetningu fornleifa inná skipulagsupphrátt. Allar greinanlegar fornleifar á skipulagssvæðinu skulu mældar upp og hnitsettar í ISN93, og umfang þeirra birt á deiliskipulagsupphráttinum. Í greinagerð deiliskipulagsins skal tilgreina skráðar fornleifar, hlutverk þeirra og tegund. Við skipulagsgerð skal taka tillit til skráðra fornleifa, þ.e. að verndun fornleifa sé höfð að leiðarljósi þegar t.d. framkvæmdasvæði eru tilgreind.

Innan skipulagsvæðisins eru hið minnsta 9 skráðar minjar sem þarf að setja inná deiliskipulagsupphrátt ásamt ákvæðum í greinagerð um vernd þeirra!

Að því loknu þarf uppfærður upphráttur að berast til Minjastofnunar Íslands til umsagnar!

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður
magnus@minjastofnun.is

fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Magnús A Sigurðsson
Minjavörður